

## AUGLÝSING

### (VI) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

#### 1. gr.

Með vísan til 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 439, 16. maí 2007 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2006/2007 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélagi:

#### **Ísafjarðarbær – Þingeyri.**

Ákvæði reglugerðar nr. 439 frá 16. maí 2007 gilda með eftirfarandi viðauka/breytingum:

1. Byggðakvóta Þingeyrar alls 87.000 þorskígildiskílóum verður skipt þannig: 25% jafnt á skip sem uppfylla skilyrðin og 75% samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 439/2007. Hámark 15 þorskígildislestir og 100% aukning heildaraflamarks er fellt niður.
2. Í stað 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar kemur: Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu innan sveitarfélagsins afla sem nemur, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þeirra aflaheimilda sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari og skal úthlutun til þeirra ekki fara fram nema að því leyti sem það skilyrði er uppfyllt.

#### 2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi áður auglýstar reglur hvað varðar ofangreint byggðarlag um úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2006/2007, þ.e. í 3. tl. auglýsingar nr. 588 frá 4. júlí 2007.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 17. mars 2008.*

F. h. r.

**Sigurgeir Þorgeirsson.**

*Hinrik Greipsson.*